

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum.

Starfsleyfisskilyrði fyrir réttingaverkstæði og skyldan rekstur

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur réttingaverkstæða, breytingaverkstæða, púst- og hemlaverkstæða, rúðuverkstæða, verkstæðisaðstöðu fyrirtækja og annan skyldan rekstur.
- 1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykkt notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.
- 1.3 Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

2. Ásýnd lóðar og lóðarmörk

- 2.1 Fyrirtækið skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðarmörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en fyrirtækið hefur til afnota.
- 2.2 Óheimilt er að hafa í óhirðu á lóð lausamuni s.s. bílhræ, málmúrgang, ónýtar bílrúður og annan úrgang þannig að snúi að almannaþæri eða valdi slysaþættu.
- 2.3 Gámum og ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.
- 2.4 Bifreiðum, sem bíða viðgerðar, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði fyrirtækisins.

3. Mengunarvarnir

- 3.1 Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.
- 3.2 Hafa skal gildru á fráveitulögn frá þeim rýmum þar sem hætta er á að fyllingar- og sparttryk, olíuleysar og önnur hættuleg efni berist í fráveituvatn verði því við komið. Ef fráveita frá verkstæði er ekki tengd við fráveitu sveitarfélags skal hún ávallt tengd samþykktari olúgildru.
- 3.3 Ef olúgildra er á fráveitulögn skal hafa með henni reglubundið eftirlit og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar.
- 3.4 Halda skal notkun olúhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota umhverfisvæn sápu efni og/eða olúhreinsa.
- 3.5 Þar sem hætta er á að fljótandi úrgangur fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s. blautsugu, tvist eða sag.
- 3.6 Hafa skal punktsoð eða annan sogbúnað til að fanga ryk frá slípivinnu.
- 3.7 Komið skal í veg fyrir að afsog frá leysiefna- og öðrum lyktaruppsprettum valdi skaða eða óþægindum.

4. Geymsla á olú og olúefnum

- 4.1 Staðsetja skal tanka og tunnur undir olúefni þ.m.t. úrgangsolú í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olúefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðiseftirlit samþykkir.

5. Spilliefni og annar úrgangur

- 5.1 Ópressaðar olúsíur og úrgangsolía teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Þurrum, pressuðum olúsíum má skila með öðrum málmúrgangi.
- 5.2 Rafgeymar teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndra móttökuaðila.
- 5.3 Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.
- 5.4 Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.